

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 451/2013 um þáttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á milli orðanna „yngri en 18 ára“ og „sem veittar eru“ í 1. mgr. 5. gr. kemur: sbr. þó 3. mgr.
- b. Á eftir 2. mgr. 5. gr. kemur ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Greiðsluþátttaka skv. 1. mgr. tekur einnig til nauðsynlegra tannlækninga vegna alvarlegra fæðingargalla, slysa eða sjúkdóma, sem upp koma fyrir 18 ára aldur en ekki telst faglega rétt að veita fyrr en eftir þann aldur þar sem fullum vexti beina í höfuðkúpu eða kjálka er ekki náð. Heimild þessi gildir þó að jafnaði ekki lengur en til og með 22 ára aldurs. Sækja skal um greiðsluþáttöku til Sjúkratrygginga Íslands vegna tannlækninga samkvæmt þessari málsgrein áður en meðferð er veitt.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 20. gr., 1. mgr. 29. gr., 2. mgr. 38. gr. og 55. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Velferðarráðuneytinu, 23. júlí 2015.

Kristján Þór Júlíusson
heilbrigðisráðherra.

Guðrún Sigurjónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. ágúst 2015